

Fréttabréf



13. ÁRGANGUR // 2. TÖLUBLAÐ // MARS 2015



**Aðalfundarboð
Samvinna iðnfélaga
Niðurstæða í kjarakönnun**



Afslættir til félagsmanna

Með aukinni útbreiðslu á orlofshúsakerfinu Frímann hefur áhugi verslana og fyrirtækja aukist á að auglýsa afslætti til notenda kerfisins. Fjöldi tilboða hefur því aldrei verið meiri en núna og hægt að spara töluverða peninga á því að notfæra sér tilboðin sem boðið er uppá. Við hvetjum því félagsmenn til að nýta afsláttinn með framvísun á félagsskírteini þegar verslað er við aðila sem bjóða uppá Frímann-afslátt. Til að kynna sér úrvalið er farið inn á orlofshúsasíðu FIT og valinn „afsláttur“. Ef menn á hinn bóginn vilja skoða tilboð um hótलगistingu veiðikort eða eitthvað annað sem selt er á orlofsvefnum þarf að velja „Miðasala“ og skrá sig svo inn með félagsnúmerinu sem er á félagsskírteininu 2015, til að versla.

.....



Í sólina í sumar

Enn eru eftir nokkrir afsláttarkóðar í ferðir með Sumarferðum, Úrvali Útsýn og Plúsferðum. Kóðana er hægt að nálgast á orlofsvefnum undir „Miðasala“ og kostar hver kóði kr. 5.000 en veitir 30.000 kr. í afslátt hjá ferðaskrifstofunum. Ferðatímabil er frá 1. maí og út september.

Fréttabréf FIT
2. tbl. 13. árg. mars 2015

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrót og prentun: prentun.is



Bridge

Nú er komið að lokahnykknum í Bridge-spilamennskunni. Einmenningur og uppgjör vetrarins fer fram þann 10. apríl nk. í salnum í Borgartúni 30. Svo er bara að bíða haustsins og fylgjast með á heimasíðu FIT, en þar verður auglýst hvenær næsta lota hefst.

.....



Golfmót Samiðnar 2015 verður haldið 26. júní

Hið árlega golfmót Samiðnar verður haldið á Hlíðarvelli Mosfellsbæ föstudaginn 26. júní. Mæting er í síðasta lagi kl. 15:30 og ræst út kl. 16:00 á öllum teigum í einu.

Keppt verður bæði með og án forgjafar og einnig veitt unglinga- og gestaverðlaun. Mótið er opið öllum félagsmönnum aðildarfélaga Samiðnar og fjölskyldum þeirra.

Mótið er einnig innanfélagsmót Byggiðnar og FIT Keppt verður um sérstök verðlaun hjá hvoru félaginu fyrir sig fyrir besta árangur karla og kvenna.

Skráning er í síma 535 6000 eða í netfangið skrifstofa@samidn.is og þarf að gefa upp forgjöf og hvaða stéttarfélagi viðkomandi tilheyrir.

Síðasti dagur til að skrá sig er 23. júní.

Takið þátt í skemmtilegu móti og látið vinnufélagana vita!

Sjá nánar á vef Samiðnar www.samidn.is.

Iðnaðarmenn ganga sameinaðir til kjarasamninga



SAMÍÐN, Félag bókagerðarmanna, Rafiðnaðarsamband Íslands, MATVÍS, Félag hársnyrtisveina og VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna hafa 18.000 iðnaðarmenn innan sinna vébanda. Það er drjúgur meirihluti starfandi iðnaðarmanna í landinu.

Þessi félög og sambönd iðnaðarmanna hafa náð samkomulagi um samstarf sín á milli í komandi kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Iðnaðarmenn hafa lagt fram sameiginlega kröfugerð og munu stilla sama verkfallsaðgerðir sínar ef á þarf að halda. Einnig munu félögin hafa samráð sín á milli á vettvangi Alþýðusambands Íslands í þeirri lotu sem framundan er.

Á sama tíma og almennt launafólk hefur látið sér nægja 2,8% launahækkun til að skapa skilyrði fyrir stöðugleika í efnahagslífinu hafa einstakir hópar fólks sem vinna bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði sótt sér 20-40% launahækkun til sinna vinnuveitenda. Það er alveg ljóst að iðnaðarmenn munu ekki sitja hjá meðan aðrir hópar taka með þessum hætti fyrirfram út þann hagvöxt sem launafólki er ætlað að skapa á næstunni.

Á síðustu vikum hefur það einnig gerst að verslunin í landinu hefur tekið til sín að miklu leyti afraksturinn af lækun vörugjalda og almenns virðisaukaskatts um síðustu áramót. Sú breyting hefur átt að skila sér í lægra vöruverði til heimilanna í landinu en er þess í stað að miklu leyti að hverfa í hina djúpu vasa verslunarinnar í landinu.

EIGUM INNI UMTALSVERÐAR KJARABÆTUR

Ef launaþróun í landinu er skoðuð til lengri tíma sést að launavísitalan hækkaði um tæp 75% frá árinu 2006 en á sama tíma hækkaði launataxti iðnaðarmanns með fimm ára starfsreynslu aðeins um 64%.

Það eru þess vegna öll rök sem hníga að því að iðnaðarmenn eigi inni kjarabætur í viðræðunum sem eru framundan við okkar viðsemjendur. Jafnvel formaður Samtaka iðnaðarins hefur viðurkennt að

innistæða sé fyrir meiri hækkun launa en nefndar eru í málflutningi atvinnurekenda og í villandi áróðursauglýsingum sem Samtök atvinnulífsins láta birta í fjölmiðlum til að reyna að grafa undan samstöðu launafólks.

Það er góðs viti við upphaf þessarar vegferðar sem framundan er, á leiðinni að nýjum kjarasamningi að félög iðnaðarmanna mæta sameinuð til leiks. Fréttir af samstarfssamningnum hafa fengið sterk og góð viðbrögð félagsmanna. Það er góður baráttuhugur innan okkar raða og viðhorfskannanir sýna að félagsmenn eru reiðubúnir að grípa til verkfallsaðgerða ef nauðsyn krefur.

Krafa okkar í þessum viðræðum byggist á að orðið er tímabært að segja skilið við launakerfi þar sem dagvinnulaun eru lág og launafólk neyðist til að vinna mikla yfirvinnu til að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni. Langur vinnudagur, léleg grunnlaun og mikil yfirvinna einkennir starfsumhverfi íslenskra iðnaðarmanna en það er starfsumhverfi sem fælir frá sér ungt fólk.

Það þarf að vinna markvisst að því að færa kjör og starfsskilyrði launafólks á Íslandi nær því sem tíðkast í okkar helstu nágrannalöndum og stefna í átt að fjölskylduvænu samfélagi þar sem hægt er að ná eðlilegu jafnvægi milli vinnutíma og fjölskyldulífs. Við viljum einnig taka höndum saman við atvinnurekendur um að gera átak til að efla nýliðun í iðngreinum og gera íslenskan iðnað aðlaðandi fyrir ungt, velmenntað fólk sem greinin þarf á að halda að komi til starfa.

Við teljum að okkur geta náð þessum markmiðum með betra skipulagi, aukinni framleiðni og styttri vinnutíma. Við viljum ræða þessi mál við viðsemjendur okkar og ná niðurstöðu um hvernig við eigum að skipta aukinni framleiðni vegna styttri vinnutíma milli launamanna og atvinnurekenda. Við teljum að miklir möguleikar séu á að ná árangri á þessum sviðum og bjóðum atvinnurekendum til samstarfs um þessi mál enda eru sameiginlegir hagsmunir launafólks og atvinnurekenda í húfi.

20% ALMENN HÆKKUN, BYRJUNARLAUN VERÐI 381.326 KRÓNUR

Helsta krafa okkar í þessum viðræðum verður sú að dagvinnulaun eigi að duga fyrir framfærslu og tímabært sé að kauptaxtar verði færðir að greiddum launum. Lægsta tímakaup samkvæmt taxta iðnaðarmanns er nú 1.601 króna. Rauntölur opinberra stofnana sýna að meðaltímakaup iðnaðarmanna í landinu er um 2.400 krónur og því mikil nauðsyn á að færa taxta nær greiddu kaupi.

Okkar krafa er sú að byrjunarlaun iðnaðarmanns með sveinspróf verði 381.326 krónur á mánuði og að laun hækki almennt um 20%.

Við viljum að bil milli launataxta verði þannig fyrir komið að laun eftir 1 ár í starfi verði 3% hærri en byrjunarlaunin. Eftir þrjú ár bætist 3% ofan á og önnur þrjú prósent eftir fimm ár í starfi. Nauðsynlegt er að kveða á um verðtryggingu launa til að tryggja þann aukna kaupmátt sem samið verður um, ef gera á kjarasamning til lengri tíma en eins árs. Slík krafa er gerð af okkar hálfu þrátt fyrir litla verðbólgu um þessar mundir vegna þeirrar óvissu sem ríkir um afnám gjaldeyrishafta og vegna þess að það er óhjákvæmilegt að íslenska krónan veikist verulega til lengri eða skemmri tíma við afnám haftanna.

Önnur atriði sem kröfugerðin tekur til fela í sér að orlofs- og desemberuppbætur samsvari hálfum mánaðarlaunum og að aðfangadagur- og gamlársdagur

verði frídagar hjá því launafólki sem ekki býr nú þegar við þau kjör. Ennfremur verði sett skýrari ákvæði en eru í gildandi samningum um álag á laun flokksstjóra og verkstjóra og að við viljum að farið verði sérstaklega yfir launahlutföll milli hópa í launatöflu og launaflokkar verði tengdir við hæfnisþrep. Þá viljum við styrkja ráðningarsamninga, auka og samræma veikindarétt og ákvæði um orlofsávinnslu og töku orlofs yfir vetrarmánuðina.

Við höldum áfram baráttunni gegn kennitölufлакki og félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði sem við höfum staðið fyrir síðustu ár. Kennitöluflakki getur leitt til þess að sá hluti réttinda launafólks sem tengist starfstíma hjá sama vinnuveitanda fari forgörðum. Þegar kemur að baráttu gegn kennitölufлакki og félagslegum undirboðum fara hagsmunir launafólks og atvinnurekenda saman í einu og öllu. Það skiptir miklu fyrir launamenn að launagreiðandi fylgi lögum og greiði öll gjöld sem vera ber til sameiginlegra sjóða, slíkt er forsenda fyrir heilbrigðri og eðlilegri samkeppni milli fyrirtækja. Það er óþolandi að fámennur hópur grafi undan réttindum launafólks og heilbrigðri samkeppni iðnfyrirtækja með skattsvikum og kennitölufлакki. Iðnarmenn vilja vinna gegn því með því að semja um eflingu vinnustaðaeftirlits.

Hilmar Harðarson, formaður FIT

Gamla ljósmyndin

Íbúðarhús reist við Brekkubrautina



Hér er verið að byggja við Brekkubraut í Keflavík. Maðurinn með hamarinn er Hafsteinn Guðmundsson, fyrrum sundhallarstjóri, sem þarna er að reisa sér íbúðarhús. Maðurinn með sögina er Guðjón Kemensson einn af stofnendum Iðnsveinafélgagsins.



Myndir teknar á aðalfundi 2014

Stjórnarkjör FIT

Þann 20. febrúar rann út frestur til að skila inn framboðum til helmingis stjórnar til ársins 2017. Það er hlutverk uppstillingarnefndar samkvæmt lögum félagsins, að tryggja framboð til stjórnar og gera tillögur um aðra fulltrúa sem kosið er um á aðalfundi félagsins. Í síðasta fréttabréfi FIT mátti sjá tillögur nefndarinnar. Ekki komu fram önnur framboð og eru því frambjóðendur uppstillingarnefndar

til stjórnar sjálfkjörnir. Samkvæmt því verður helmingur stjórnar skipaður þannig næstu tvö árin: Formaður, Hilmar Harðarson. Meðstjórnendur Ólafur Magnússon, Helgi Ólafsson, Georg Ólafsson, Gunnar Gunnbjörnsson, Vilhjálmur Gunnarsson og Valdimar Birgisson.

Kjörinu verður lýst formlega á aðalfundi félagsins laugardaginn 28. mars.

Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina 2015

verður haldinn í Borgartúni 30, 6.hæð laugardaginn 28. mars kl. 11:00

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Lagabreytingar.
5. Kjöri stjórnar lýst.
6. Kosning trúnaðarráðs, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga, og uppstillingarnefndar.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
9. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.

Stjórnin



Frá félagsfundum FIT

Samvinna iðnfélaga

SAMIÐN, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna og Félag hársnyrtisveina hafa gert með sér samkomulag um samstarf í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Í tilefni þess sendu félögin frá sér eftirfarandi fréttatilkynningu.

Landssambönd og félög iðnaðarmanna með um 18.000 félagsmenn hafa gert með sér samkomulag um samstarf í komandi kjaraviðræðum. Samkomulagið tekur m.a. til framsetningar á kröfum og markmiðum í aðalkjarasamningum félaganna við SA, samstilltra verkfallsaðgerða og samráðs á vettvangi ASÍ.

Krafa iðnaðarmanna í komandi kjaraviðræðum er endurskoðun á launakerfum iðnaðarmanna með það að markmiði að dagvinnulaun dugi til framfærslu. Hún næst meðal annars með því að

auka framleiðni og stytta vinnutíma. Núverandi launakerfi byggir á lágum grunnlaunum sem neyðir launamenn til að halda uppi afkomu sinni með mikilli yfirvinnu.

Mikil þörf er fyrir nýliðun í greinunum en þetta vinnufyrirkomulag er úrelt og hefur skapað starfsumhverfi sem höfðar ekki til ungs fólks. Iðnaðarmenn gera kröfu um fjölskylduvænt samfélag þar sem jafnvægi er á milli vinnutíma og einkalífs.

Félögin telja afar brýnt að unnið verði að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og komið verði á víðtækara vinnustaðaeftirliti.

Að samkomulaginu standa:

Rafiðnaðarsamband Íslands, SAMIÐN, Félag bókagerðarmanna, MATVÍS, Félag hársnyrtisveina og VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna.

Reykjavík, 25. febrúar 2015.

Kjarakönnun


Hér á eftir eru helstu niðurstöður könnunar sem FIT gerði meðal félagsmanna sinna. Könnunin var gerð í lok desember og byrjun janúar. Svarhlutfall var 764, sem er vel marktækur fjöldi. Karlar voru 723 eða 94,63%, en konur sem tóku þátt voru 41 eða 5,37%, sem er mjög nærri hlutfalli kvenna í félaginu.

Könnuð var aldurssamsetning þátttakenda og er niðurstaða hennar eftirfarandi.


Á hvaða aldri ert þú?	Fjöldi	Prósent
Yngri en 25 ára	22	2.88%
25-34 ára	140	18.32%
35-44 ára	153	20.03%
45-54 ára	204	26.70%
55-64 ára	117	15.31%
56 eða eldri	128	16.75%

Að öðru leyti skýra myndirnar sig að mestu sjálfar.


Ef samningar takast ekki, ert þú tilbúinn til þess að fara í verkfall?




Á hvað viltu leggja mesta áherslu í komandi kjaraviðræðum?




Þegar kjarasamningar verða endurnýjaðir, hver á samningstíminn að vera?




Hver er staða þín á vinnumarkaði?




Ertu á mánaðarkaupi eða dagvinnulaunum (tímakaupi)?




Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta



Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?




Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?

Svör frá félagsmönnum á landsbyggðinni




Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?


Svör frá félagsmönnum á höfuðborgarsvæðinu




Býrðu í eigin húsnaði eða í leiguhúsnaði?




Fékstu höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana?




Hver var heildarleiðrétting heimilis?




Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?



Hvernig finnst þér FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?



Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?



FIT appið er nú aðgengilegt í Google Play store og í App Store.

Appið veitir félagsmönnum einfaldan og fljótlegan aðgang að sínum upplýsingum á orlofsvef FIT auk þess sem félagið getur sent skilaboð til félagsmanna í gegnum appið.

Í appinu er m.a.

- **Yfirlit yfir orlofskosti**
- **Yfirlit yfir laus tímabil**
- **Upplýsingar um miða og kort**
- **Upplýsingar um afslætti**
- **Tenging við fréttaveitu af heimasíðu FIT**
- **Skilaboð frá félaginu til félagsmanna**

Félagsmenn skrá sig inn í appið með notendaupplýsingum sínum úr orlofskerfi FIT.

Í appinu getur hver félagsmaður skoðað upplýsingar um orlofshús, s.s. laus tímabil og staðsetningu orlofshúsanna á korti.

Félagsmaður getur skoðað og sótt þá leigusamninga sem hann hefur gert við félagið.

Hægt er að skoða þá miða og kort sem standa félagsmönnum til boða ásamt yfirliti yfir alla Frímann afslætti sem í boði eru fyrir félagsmenn.

Hægt er einnig að skoða kaupsögu og kvittanir vegna miðakaupa auk þess að hlaða niður gildum miðum.



Orlofsúthlutun 2015 - Leiðrétting

Komið hefur í ljós að mistök voru gerð við ákvörðun á opnun á þau tímabil sem verða laus að úthlutun lokinni. Fyrirhugað var að opna fyrir laus tímabil 2. apríl, en þar sem um helgidag er að ræða og páskar framundan verður að breyta því. Aðalástæðan er þó sú að bankar eru lokaðir og ekki hægt að sjá með fullvissu hverjir hafa greitt og hverjir ekki. Því til viðbótar kemur að ef fólk af einhverjum ástæðum lendir í vandræðum með greiðslur, verður að vera hægt að bregðast við því á opnunartíma skrifstofu. Einnig nær fresturinn

fram yfir mánaðarmót sem gæti komið sér vel fyrir félagsmenn.

Greiðslufrestur þeirra sem fengu úthlutað verður framlengdur til **miðnættis laugardaginn 4. apríl** en opnað fyrir umsóknir **þriðjudaginn 7. apríl kl. 13:00**. Þá gildir „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Leigutímabil húsanna er frá kl.16:00 á föstudegi til kl.12:00 næsta föstudag og hefst vikuleigutímabilið 5. júní og endar 31. ágúst.

FIT er áfram með eitt lægsta verð sem þekkest á markaðnum eða kr. 21.000 á viku.



Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000 / lifeyrir.is